

sem gilda skuli um ákveðin störf. Bæjarstjórn getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar á um starfssvið þeirra. Skytt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum sínum við þá breytingu.

67. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skuli talin föst störf hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkv. lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

68. gr.

Nú verður gerður samningur milli bæjarstarfsmanna eða samtaka þeirra annars vegar og kaupstaðarins eða samtaka sveitarfélaga hins vegar um kaup og kjör, og skulu þá kjör fastra starfsmanna bæjarins félgja þeim kjarasamningi, svo sem við á, þó er óheimilt að rýra kjör starfsmanns til samræmis við samninginn.

69. gr.

Fastir starfsmenn bæjarins og fyrirtækja hans njóta sömu réttinda um orlof og veikindadaga og opinberir starfsmenn, uns gerður er samningur sá, er um getur í 68. gr. Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrjú mánuðir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58. 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðar-kaupstaðar nr. 108, 28. mars 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkarkauptúns,
nr. 192 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjaldtagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjú mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 383.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 810.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 2 241.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 219.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 185.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 197 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 13. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Húsavíkur, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirkingu, ákveður bæjarráð skattinn, að fengnum tillögum orku- og veitunefndar.